

Sveitarfélagið Árborg
Rúnar Guðmundsson
Austurvegi 2, Ráðhúsi
800 Selfoss

Reykjavík, 22. október 2021
UST202110-115/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Hólar – Sveitarfélagið Árborg

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Árborgar er barst 12. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að deiliskipulagi fyrir Hóla – svínabú í Sveitarfélaginu Árborg.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað er að reisa svínabú á jörðinni Hólum í Sveitarfélaginu Árborg. Byggt verður upp svínabú fyrir um 600 gyltur. Núverandi húsakostur verður nýttur (reiðhöll og hesthús) auk þess sem byggja þarf viðbyggingu fyrir starfsemina sem gæti orðið um 1600 m². Einnig segir að verði grundvöllur fyrir stækkun verður það skoðað á síðari stigum með að tvöfalda framleiðslu og mun þá verða unnið umhverfismat vegna stækkunar.

Efni lýsingar - Umhverfisáhrif

Umhverfisstofnun bendir á að í 5.2.3. gr. skipulagsreglugerðar 90/2013 þar sem fjallað er um efni lýsingar segir, að í lýsingu skal gerð grein fyrir þeim þáttum í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til, m.a. (f) hvernig staðið verði að umhverfismati deiliskipulagsins skv. 5.4. gr.

Þar sem að fyrirhugað deiliskipulag er tilkynningarskylt skv. lið 1.07 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, er mikilvægt að það komi fram í lýsingu hvaða umhverfisþættir verða skoðaðir og metnir í tillögunni svo að stofnunin gæti veitt umsögn, komið með ábendingar og tekið afstöðu varðandi umhverfisþættina.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur